

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
uppvex á sléttri grund,
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
afskorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði,
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei,
dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti eg segi,
kom þú sæll þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson – Antwerpen 1540 / Breytt 1840

Blessun

Eftirspil

Ave verum corpus

Wolfgang Amadeus Mozart

Prestur: séra Eiríkur Jóhannsson

Orgelleikur: Tómas Guðni Eggertsson

Kórsöngur: Barbörukórinn

Einsöngur: Sigríður Thorlacius

Einleikur á klarínett: Grímur Helgason

Ljóðalestur:

Erna Margrét Grímsdóttir, Eva Kristjánsdóttir Schmidt,
Frida Kristjánsdóttir Schmidt, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir,
Steinunn Gróa Sigurðardóttir og Þórdís Hólm Filipsdóttir

Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

Þökkum innilega hlýhug ykkar og vinarþel.
Að athöfn lokinni er viðstöddum boðið að þiggja veitingar
á Hótel Loftleiðum (Berjaya Reykjavík Natura Hotel).

Jarðsett verður í Fossvogskirkjugarði.



Hólmfríður Sigurðardóttir

Fædd 2. nóvember 1930

Dáin 10. ágúst 2026



Útför frá Fossvogskirkju
mánudaginn 24. ágúst 2026



Forspil

Ständchen

Franz Schubert

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
∴ Hærra, minn Guð, til þín, ∴
hærra til þín.

Sarah F. Adams / Matthías Jochumsson – Lowell Mason

Ritningarlestur

Á hendur fel þú honum
sem himna stýrir borg,
það allt er áttu' í vonum
og allt er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér
sem hagsæld minni hnekkir
og hvað mér gagnlegt er
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu
og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna.
Þú mæðist litla hríð.
Þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

Paul Gerhardt / Björn Halldórsson – Michael Haydn

Guðspjall

Ljóðalestur

Friðsæld

Komdu

Tími

Þakklæti

Litla

Til Gríms

Hólmfriður Sigurðardóttir

Dagar sóleyjanna koma



Minningarorð

Einsöngur

Ég sé

Vigdís Grímsdóttir – Gunnar Þórðarson

Bæn

Einsöngur

Draumalandið

Guðmundur Magnússon (Jón Trausti) – Sigfús Einarsson

Faðir vor

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls sem er,
annastu þennan græna reit;
blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig,
sofðu nú vært og byrgðu þig;
hægur er dúr á daggarnótt,
dreymi þig ljósið, sofðu rótt.

Jónas Hallgrímsson – Jón Nordal